

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 17. mars 2023

Umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Veðurstofa Íslands fagnar tillögunni til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Veðurstofan leggur til að horft verði til niðurstaðna starfshóps sem vann að mati og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvá (sjá þingskjal 927 – 556. mál). Starfshópurinn lagði til að styrkja sérþekkingu á sviði náttúruvá þ.e. að auka háskólamenntun í málaflokknum, auk þess að auka þekkingu almennings á málaflokknum. En íslensku samfélagi stendur ógn af skorti á sérþekkingu á sviði náttúruvá á komandi áratugum. Á þetta bæði við um sérþekkingu innan málaflokksins og einnig um sérþekkingu þegar kemur að aðlögunaraðgerðum. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu.

Til að styrkja sérþekkinguna þarf að efla kennslu og rannsóknir á sviði náttúruvá á háskólastigi. Þetta á jafnt við innan raunvísinda og verkfræðivísinda og einnig innan menntavísindagreina. En brýn þörf er á að efla menntun kennara á sviði náttúruvá, sem nýtast mun á öllum skólastigum, efla náttúrulæsi og leggja grunn að áhuga nemenda til að sækja sér framhaldsmenntun á þessu sviði.

Nú þegar við stöndum frammi fyrir loftslagsbreytingum og þeim afleiðingum sem þær hafa á samfélagið er jafnframt mikilvægt að efla kennslu og rannsóknir á sviði loftslagsbreytinga og áhrifa þeirra á náttúruvá og samfélagslegar afleiðingar. Um er að ræða fjölbreytta þverfaglega nálgun og hér er nauðsynlegt að efla háskólasamfélagið.


Dæmi má taka af ofanflóðum (skriðuföll og snjóflóð), náttúruvá sem hefur valdið flestum dauðsföllum á Íslandi (fyrir utan dauðsföll af völdum ofsaveðra og sjóskaða). Enga prófessors stöðu er að finna á þessu sviði í háskólum landsins, en undanfarin ár hefur aðjúnkt haft hlutverk við Háskóla Íslands og byggt þar upp rannsóknir. Nú er hins vegar tvísýnt um framhald stöðunnar vegna fjárskorts Háskóla Íslands. Loftslagsbreytingar geta leitt af sér bráðnun á sífrera sem aftur getur leitt af sér aukningu á skriðuföllum. En afleiðingar skriðufalla geta verið gríðarlegar eins og sást glögglega í skriðuföllunum á Seyðisfirði í desember 2020. Til að íslenskt samfélag verði betur í stakk búið til að takast á við afleiðingar náttúruvá eins og skriðufalla og aðlaga sig eins vel og kostur er þarf að byggja upp þekkingu á þessum málaflokki, gera rannsóknir á óstöðugum hlíðum

setja upp mælingar og gera hættu- og áhættumat, sem aftur er nýtt af skipulagsyfirvöldum. En skynsamlegt skipulag er ein mikilvægasta aðlögunaraðgerðin. Það getur komið í veg fyrir náttúruhamfarir, dregið úr fjölda þeirra sem verða fyrir áhrifum náttúruhamfara ásamt því að draga úr áhrifum á mikilvæga innviði. Veðurstofan leggur til að einni aðgerð verði bætt í lista 1. Aðgerðir sem styðja markmið í háskóla- og vísindastarfi, og verði aðgerð 1.3:

1.3 Efla þarf rannsóknir og kennslu á sviði náttúruvár í háskólasamfélaginu og fjölgun nemenda í náttúruvárvisindum og loftslagsbreytingum til að mæta þörfum samfélagsins

Efla þarf kennslu innan háskólasamfélagsins á sviði náttúruvár og loftslagsbreytinga. Þetta er nauðsynlegur þáttur að því að geta tekið við fjölgun nemenda til að svara kalli samfélagsins á því að geta tekist á við náttúruvá og mögulegar afleiðingar loftslagsbreytinga til framtíðar litið. Fjölga þarf nemendum sem hafa sérþekkingu á náttúruvá, sérþekkingu á áhættumati og áhættugreiningu, sérþekkingu á verkfræðilegum úrlausnum sem nýtast m.a. sem aðlögunaraðgerðir, sérþekkingu á samfélagsvísindum, sérþekkingu í menntavísindum.

Virðingarfyllt,



Sigrún Karlsdóttir
Náttúruvárstjóri
Veðurstofa Íslands